

Adolf Friðriksson

# Kuml í uppsveitum Borgarfjarðar

Skýrsla um rannsóknir 2011-2012



Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík 2013

FS507-07291



© Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

[www.instarch.is](http://www.instarch.is)

[fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

Sími 551 1033

Kápu mynd: Blundshóll í Bæjarsveit

## Inngangur

Árin 2011-2012 voru gerðar staðháttarannsóknir í Borgarfirði. Markmið þeirra var tvíþætt, þ.e. að leita kumla norðan Skarðsheiðar annarsvegar og hinsvegar að þróa aðferðir við minjaleit. Á síðustu árum hefur höfundur unnið að rannsóknum á staðfræði heiðinna greftrunarstaða<sup>1</sup>. Grundvöllurinn að þeim athugunum var einkum skráning á öllum þekktum kumlum á vettvangi á síðastliðnum tíu árum. Heildarskráningin leiddi í ljós að staðarval fyrir kumlategga var ekki hending, heldur hefur það fylgt skýrum reglum<sup>2</sup>. Á hinn bóginn er það svo að þótt komið hafi verið auga á hefðir eða vanafestu, þá er enginn hæðarleikur að finna áður óþekkta grafreiti. Því hefur rannsóknum og þróun á aðferðum við kumlaleit verið haldið áfram. Árin 2007-2008 veitti Fornleifasjóður fjárstuðning til rannsókna í Dalasýslu<sup>3</sup> og sunnanverðum Borgarfirði<sup>4</sup>. Árin 2011-2012 veitti sjóðurinn síðan styrk fyrir kumlaleit í norðanverðum Borgarfirði. Fjallar þessi skýrsla um árangurinn af því verki.

Styrkveiting setti verkefninu ákveðnar skorður. Í stað heildarúttektar á öllum hreppum norðan Skarðsheiðar var kosið að vinna heimildarannsókn á svæðinu öllu, en takmarka vettvangsvinnu við gamla Andakílshrepp, Skorradal, Lundarreykjadal, Flókadal og Bæjarsveit.

Vill höfundur hérmeð koma á framfæri þakklæti til Fornleifajóðs, samstarfsfólks á Fornleifastofnun sem og til heimafólks í héraðinu sem veitti margvíslega aðstoð varðandi heimildir og athuganir á vettvangi.


---

<sup>1</sup> Adolf Friðriksson, The Topography of Iron-age Burials in Iceland, í: Garðar Guðmundsson (ritstj.), *Current issues in Nordic Archaeology. The Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists, 6-9 September 2001, Akureyri, Iceland*, Reykjavík, Soc. of Icelandic Archaeologists, 2004, s. 15-16; -- Social and symbolic landscapes in late Iron Age Iceland, *Archaeologia Islandica*, 7, 2009, s. 9-21.

<sup>2</sup> Adolf Friðriksson, *La place du mort. Les tombes vikings dans le paysage culturel islandais*, (thèse de doctorat, non publié), Paris, Université Paris - Sorbonne, 2013.

<sup>3</sup> Adolf Friðriksson, *Dysjar, leiði og haugar. Fornleifarannsóknir í Saurbæ í Dölum 2011 FS473-07291*, Reykjavík, 2011; Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundsson, Howell Roberts et Guðrún Alda Gísladóttir, *Dysjar, leiði og haugar : fornleifarannsóknir í Hörðudal 2011*, Reykjavík, FS476-11113, 2011 ; Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundsson, Howell M. Roberts et Guðrún Alda Gísladóttir, *Dysjar, leiði og haugar : fornleifarannsóknir á Skógarströnd 2011*, Reykjavík, 2011.

<sup>4</sup> Adolf Friðriksson, *Járnöld í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar. Leitir að kumlunum*, Reykjavík, 2009.




Mynd 1. Kortið sýnir dreifingu staða og svæða sem skráð voru 2011-2012.

## Forsendur

Við kumlaleit í Borgarfirði var byggt á reynslu af skráningu á þekktum grafreitum. Eftir þá vinnu liggja fyrir margvíslegar almennar upplýsingar um legu greftrunarstaða í landslaginu. Þótt ekki gildi nein ein regla um staðsetningu kumla, þá er engu að síður mikilsvert að styðjast við sem flestar vísbendingar sem finna má í þeirri heildarmynd sem nú liggur fyrir. Á það bæði við um afstæð og alger viðmið, svosem hæð yfir sjávarmáli, eða afstaða milli kumla og bæja, leiða og landamerkjja. Áður en við snúum okkur að vettvangsathugunum í Borgarfirði, verður hér gerð grein fyrir þeim forsendum sem fyrir liggja um kumlin á landsvísu.

Fyrst ber að nefna hæð kumla yfir sjávarmáli. Þau finnast í mismunandi hæð, frá einum metra og í allt að 450 m hæð (sjá mynd 2).



Mynd 2. Grafíð sýnir hæð bæja og kumla yfir sjávarmáli.

Þótt talsverður hæðarmunur sé á kumlum þegar á heildina er litið, þá á sá munur sér einfalda skýringu: kumlin finnst nær ávallt í byggð, og í svipaðri hæð og næsti bær.


Næsta forsenda er hæðarmunur bæja og kumla. Sú gamla skoðun, að kuml hafi verið gerð á háum stöðum fær ekki staðist. Á töflu 1 er sýnd afstaða kumls og bæjar hvað varðar hæðarmun.

Hæð kumls vs hæð bæjar	Fj.	%
Hærra	16	14,8
Jafnhá	54	50
Lægra	38	35,2

Tafla 1. Myndin sýnir hæðarmun kumla og bæja.

Er ljóst að af þeim fjölda sem hægt er að mæla bæði hæð kumlateigs og bæjar, þá eru kumlin ýmist í sömu hæð og bærinn. Þar að auki er algengara að kumlin liggi heldur lægra en bærinn, fremur en að þau séu ofan við hann.


Þriðja forsendan sem hér er miðað við í kumlaleitinni, og ein sú mikilvægasta, er fjarlægðin milli kumls og bæjar (sjá mynd 3).



Mynd 3. Grafíð sýnir fjarlægð kumla (í metrum) frá bæ.

Á mynd 3 sést að langsamlega flest kuml eru innan við 500 m frá bæ. Jafnframt er fágætt að finna kuml sem eru meir en um 800 m frá bænum.

Eitt af þeim atriðum sem athugað hefur verið varðandi afstöðu kumls og bæjar er stefnan (sjá mynd 4). Sú athugun hefur hinsvegar leitt í ljós að engin sýnileg regla er á því í hvaða stefnu frá bænum kumlin hafa verið sett niður.



Mynd 4. Fjarlægð kumls frá bæ og stefna. „Bærinn“ stendur á núllpunkti. Rauðu tíglarnir sýna kumlin.

Fjórða forsendan eru landamerkin. Þótt kumlin séu skamman veg frá bæjum, þá eru flest þeirra engu að síður þannig staðsett innan landareignar, að ekki verður komist lengra burtu með þau af bæ. Flest kuml eru innan við 150 m frá merkjum, og allnokkur eru á merkjum. Þau kuml sem eru fjær, eru gjarnan nær miðju landareignar, skammt frá bæjarhúsum, en utan túns.

Fimmta forsendan varðar leiðir og er ein mikilvægasta vísbendingin sem um ræðir. Kumlin eru við þjóðleiðir og heimreiðar og oft á vegamótum, eða þar sem leiðir skera landamerki. Kuml finnast einnig við vöð á ám eða hjá lendingarstöðum við vötn eða sjó.

Þegar öll þessi atriði eru höfð í huga má virðast sem einfalt mál sé að finna staðinn þar sem áður óþekkt kuml leynast. Þó er ekki svo í reynd. Flest viðmiðin, þ.e. bæjarstæðið, leiðin og landamerkin, eru ótímasett, þ.e. við vitum ekki hvaða jarðir voru byggðar í heiðni, hvar bærinn stóð í öndverðu, hvar leiðin lá eða merkin. Auk þess hefur landið breyst mikið frá landnámi: gróðurfar, árfarvegir, skriður, og uppblástur eru allt atriði sem breytt hafa ásýnd landsins og haft áhrif á þróun byggðamynsturs í hverri sveit. Þrátt fyrir þessi vandkvæði hefur þegar verið sýnt fram á að kumlaleit er alls ekki vonlaus. Kumlateigarnir hjá Saltvík, Lyngbrekku, Ingiríðarstöðum og Geirastöðum fundust eftir að leit var gerð á þessum stöðum og í ljósi nýrrar þekkingar á staðfræði kumla.

## Vettvangsathuganir

Fræðimenn hafa gert ýmsar athuganir á minjum á vettvangi norðan Skarðsheiðar<sup>5</sup>, en til þessa hefur ekki verið skipuleg gerð leit að kumlum á þessu svæði, eftir því sem næst verður komist. Við rannsóknina sumurin 2011 og 2012, var stuðst við reynslu af fyrri athugunum á kumlastæðum. Sem fyrr voru heimildir um svæðið athugaðar og skráðar upplýsingar um beinafundi, lausafundi frá fornöld, örnefni og sagnir sem vísa til greftrunar. Jafnframt voru kannaðar heimildir um leiðir um sveitina sem og landamerki bæja. Að þessu sinni var lögð sérstök áhersla á að rannsaka samband leiða og kumla. Beindist athyglin einkum að þeim

---

<sup>5</sup> P.E.K. Kálund, *Bidrag til Topografisk-Historisk Beskrivelse af Island*, Copenhagen, Gyldendalske Boghandel, 1877-1882; Sigurður Vigfússon, « Rannsókn í Borgarfirði 1884 », *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1884-1885 (1885), s. 61-138; -- « Rannsókn í Borgarfirði 1884 (framhald) », *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1886 (1887), s. 1-51; Brynjúlfur Jónsson, « Rannsókn í Þverárþingi sumarið 1903 », *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1904, s. 1-17; Guðmundur Ólafsson, *Fridlysta fornlimningar i Borgarfjörðurs hérað, Island*, Uppsala universitet, (Institut för arkeologi), Uppsala, 1991; -- *Friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu*, Reykjavík, (Rit Hins íslenska fornleifafélags og Þjóðminjasafns Íslands, II), 1996.

stöðum þar sem leiðir skera landamerkjalinur milli bæja, eða á vegamótum þjóðleiðar og heimreiða.

Við leit að gömlum leiðum var stuðst við Herforingjaráðskortin frá 1911-1914, loftmyndir og tilfallandi leiðarlýsingar. Kort er sýna leiðir, merki og staðsetingu meintra grafreita voru unnin með MapInfo hugbúnaði. Stuðst var við stafræn landamerkjagögn frá RALA.


Við athuganir á vettvangi var hafist handa syðst í Andakílshreppi. Í Torfdal, sem er suður af Grjóteyri á að vera dys Jöðurs, en staðarlýsing er ónákvæm og óljóst hvað af grjótruðningnum sem þar er á að vera dysin. Líklegast er hún ekki manngerð. Öðru gegnir um lítt þekktan fornleifafund í Árdal. Samkvæmt örnefnaskrá fyrir jörðina fannst dys um 280 m norðan við bæinn. Þar er nú nýtt íbúðarhús. Staðsetningin er að mörgu leyti dæmigerð fyrir heiðnar grafir: um 300 m frá bæ, við þjóðleið og heimreið.



*Mynd 5. Árdalur. Dysin var þar sem nú er bærinn. Eldra bæjarstæðið sést handan túnsins, þar eru eldri hús og notuð sem sumarbústaður.*

Næstu bær við Árdal eru Ytri- og Innri-Skeljabrekka (mynd 6). M.t.t. legu reiðleiða í upphafi 20. aldar er líklegast að kuml hafi verið við leiðina undir Brekkufjalli að vestan, eða austan bæjarins við leiðina í átt að Neðri-Hrepp. Svæðið norðan bæjar er blautt, en farið var yfir Andakílsá á vaði, móts við Ausu. Líklegt er að vöð á ánni hafi breyst mikið í tímans rás, auk þess sem landbrot hefur verið þar sem nú er vogur milli Grjóteyrar og Kistuhöfða.





Mynd 6. Skeljabrekkubæir og Ausa.

Bærinn Ausa er norðan árinna. Leiðin lá um mela bæði norðaustan og norðvestan bæjarins og er líklegt að þar gætu kuml hafa verið, um 300-500 m frá bænum (mynd 6). Hvanneyrarsvæðið er mjög raskað vegna skólahalds og þéttbýlis, en geta má sér til um greftrunarreiti við leiðina bæði sunnan og norðan bæjar.




Mynd 7. Bæir norðan Hvanneyrar.



Þjóðleiðin nær ekki heim að bæ á Bárustöðum og Grímsstöðum. Algengt er þegar svo háttar til, að kumlin séu þar sem vegamót eru milli heimreiðar og þjóðleiðar (mynd 7). Athyglisvert er að ásarnir og holtin sem leiðin frá Hvanneyri liggur um til norðurs, um bæjararöðina alla leið að Hvítárvöllum eru mjög blásin.

Skammt norðvestur frá Kvígsstöðum er svonefnd dys, en hún er líklegast náttúruverk. Hinsvegar fundust mannabein við girðingavinnu norðan við bæinn. Þar er holt sem heitir Gálgi eða Gálgaholt. Beinin fundust á merkjum Kvígsstaða og Heggstaða, en ekki tókst að staðsetja fundarstaðinn nákvæmlega. Þar gæti vel leynst gröf frá heiðni. Nafnið á holtinu gefur á hinn bóginn til kynna að þar hafi verið aftökustaður.

Á Heggstöðum er í túni „leiði Hegg“, en það virðist vera þúfnamyndun. Er staðurinn þó friðlýstur. Kuml finnast aldrei í túnum. Eina mögulega undantekningin frá þeirri reglu er kuml sem fannst skammt frá bæ á Gautlöndum í Mývatnssveit. Í því tilfalli ber hins vegar að gæta að því að um hlað á Gautlöndum lágu jafnframt helstu þjóðleiðir, sem gæti skýrt staðsetningu kumlsins þar, s.s. við vegamót. Langtum líklegra kumlstaði frá Heggstöðum (eða Kvígsstöðum) væri Gálgaholtið, þar sem mannabeinin fundust.



Mynd 8. Bæjarsveit. Blundshóll er neðst á miðri mynd.



*Mynd 9. Blundshóll. Stöðuvatnið Blundsvatn er í forgrunni.*

Sá staður í Bæjarsveit sem einna helstu hefur notið athygli sem mögulegur haugur frá fornöld er svokallaður Blundshóll. Hann stendur við suðvesturhorn Blundsvatns, og er í landi Þingness. Þar á Ketill blundur að vera heygður<sup>6</sup>. Hóllinn er í raun klettakollur og ekki manngerður. Harðhaus, er annar hóll í landi sama bæjar, skammt suðvestan við gamla heimatúnið<sup>7</sup>. Illfært hefur verið víða um landið bæði sunnan og austan Þingesbæjarins. Er líklegt að kuml gætu verið við leiðina sunnan frá vaðinu á Grímsá, eða hjá afleggjarann sem liggur beint í norður frá Þingnesi.

Mannabein fundust skammt norðaustan við bæinn í Langholti, en ekki tókst að staðsetja fundarstaðinn nákvæmlega. Í frétt um fundinn segir:

„100-150 ára gömul manabein finnast í Borgarfirði...“: „í september síðastliðnum fann hundurinn minkaholu í holti nokkuð fyrir norðan bæinn í Langholti. Bræðurnir í Laugarholti grófu í holuna, en komu þá niður á manabein. Ofan á beinunum var stór og þung hella. Var nú þjóðminjaverði Kristjáni Eldjárn, gert aðvart. Við rannsókn kom í ljós, að beinin voru af stúlku. Mun hún hafa verið ung, því að endajaxla vantaði<sup>8</sup>.“

---

<sup>6</sup> P.E.K. Kålund, *Bidrag til Topografisk-Historisk Beskrivelse af Island*, Copenhagen, Gyldendalske Boghandel, 1877-1882, s. 307.

<sup>7</sup> Sjá Örnefnaskrá Þingness, ópr. Örnefnasafn Íslands, s. 2; Guðmundur Ólafsson, *Fridlysta fornlämnningar i Borgarfjörðurs hárad, Island*, Uppsala universitet, (Institut för arkeologi), Uppsala, 1991, 56.

<sup>8</sup> *Vísir*, 1.nóv 1948, s 8. Sjá einnig: Páll Sigurðsson (1992). Svipmyndir úr réttarsögu. Ættir um land og sögu í ljósi laga og réttar- framkvæmdar, Reykjavík, Skjaldborg, s. 152.

Ekki er ljóst á hverju aldur fundarins er byggður, en frágangur á greftruninni er athyglisverður.

Á Hvítá, skammt neðan við þann stað þar sem Flókadalsá fellur í ána, er Haugsendavað. Er það talið vera hið sama og Haugsvað, sem nefnt er í Eyrbyggju og Heiðarvíga sögu<sup>9</sup>. Kristian Kålund nefnir þar Haugsflöt og að á henni hafi staðið haugur, sem áin hafi hrifsað með sér. Segir hann að menn muni eftir að þar hafi fundist forngröpir.<sup>10</sup> Í örnefnaskrá fyrir Langholt er Haugsendavað einnig nefnt og þar kemur fram að með ánni hafi verið sléttur bakki, sem væri að mestu farinn í ána. Haugurinn hafi staðið á þessum bakka, nokkrum föðmum neðan við vaðið, „um 4x5m að flatarmáli og náði manni í brjóst“. Segir að áin hafi farið með hauginn „rétt eftir 1930“. Einkennilegt er ef sami haugur hafi horfið í tvígang: fyrst áður en Kålund var á ferð (1872-74), og aftur eftir 1930<sup>11</sup>.

Talsverð leit var gerð á og nærri svonefndri Haugsflöt sem er sunnan Hvítár, í landi Langholts, en án árangurs. Þótt svo að nefndur haugur (eða haugar?) hafi horfið í ána, gæti verið að þar leyndust fleiri grafir, enda staðurinn við leið og á merkjum.

Á sama hátt gætu grafreitir í landi Hvítárbakka verið nærri árbakkanum þar sem leiðin liggur, norðan bæjar. Vandinn við kumlaleit í Bæjarsveit er hinsvegar sá að í allri norðan- og vestanverðri sveitinni hefur Hvítá gert mikinn usla. Áberandi er gamall farvegur sunnan við Stafholtsey. Þorvaldur Thoroddsen hefur lýst landspjöllum af völdum árinna svo: „Þegar vatnavextir og ísstíflur koma í Hvítá, flóir hún yfir allt uudirlendið í kring, svo bæirnir, sem á hólum standa, standa einir upp úr. Þetta varð t. d. rjett eptir nýár 1881; bar áin þá mól og sand upp á enyjar og tún, reif stórar torfur úr bökkunum, og flutti þær langar leiðir á burt<sup>12</sup>.“

Í landi Varmalækjar er Þórdísarholt. Í Harðar sögu og hólmerja er sagt að Þórdís, sem var fóstura Signýjar móður Harðar, hafi orðið bráðdauð og jörðuð í Þórdísarholti<sup>13</sup>. Er holtið skammt sunnan við merki móti Bæ. Gamla leiðin milli Bæjar og Varmalækjar lá einmitt um holtið, en ekki í beinni línu, enda mýrlent. Óvíst er um sannleiksgildi sögunnar, en hafi hún kviknað vegna kumlfundar í holtinu, þá er þessi staður helsti langt frá Varmalæk (1250m), en nær Bæ (800m).

---

<sup>9</sup> Sigurður Vigfússon, « Rannsókn í Borgarfirði 1884 (framhald) », *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 1886 (1887), s. 1-51. s. 27.

<sup>10</sup> P.E.K. Kålund, *Bidrag til Topografisk-Historisk Beskrivelse af Island*, Copenhagen, Gyldendalske Boghandel, 1877-1882, s. 308.


<sup>11</sup> Örnefnaskrá Langholts, s. 3. Ópr. Örnefnasafn Íslands.

<sup>12</sup> Þorvaldur Thoroddsen, « Ferðir á suðurlandi sumarið 1883 », *Andvari*, 10, 1884, s. 1-76, sjá s. 7-8.

<sup>13</sup> Harðar saga. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út, *Íslensk fornrit XIII*, Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag, 1991, 8. kafli, s. 19-20.



Margar leiðir liggja í átt að bænum Varmalæk og þess bæjar getið snemma í heimildum. Á kortinu (mynd 8) eru sýndir nokkrir mögulegir staðir, auk Þórdísarholts.



Mynd 10. Flókadalur.

Sunnan Flókadalsár liggur leiðin frá Varmalæk og þræðir bæina Múlstaði og Eyri. á milli þeirra er vað yfir ána á leiðinni í átt að Skógum. Líklegast má telja að kuml gætu verið skamman veg frá bæjunum, við leiðina, og jafnvel á árbakkanum þar sem vaðið er (mynd 9).

Í Flókadal fundust einir elstu forngripir sem fundist hafa hér á landi, þ.e. tvær kúptar nælur af Berdalsgerð<sup>14</sup>. Þær fundust á uppblásturssvæði nærri Skógum í Flókadal, en ekki er ljóst hvort nælan hafi fundist í landi Skóga eða í nágrenninu. Það eru stórir uppblástursflákar á bæjunum allt í kring, Brúsholti, Hæl og Hrísum. Í landi Skóga er uppblástur út við landamerkin, en efst í brekkunum fyrir ofan tún eru einnig stór blásin svæði.

Í Lundarreykjadal koma allmargir staðir til greina, en þar eru einnig áberandi uppblástursflákar, einkum fyrir mynni dalsins. Leiðin frá Varmalæk, um Múlakot og langleiðina að Skálpastöðum liggur um blásin svæði, og sömu sögu er að segja um leiðina að sunnanverðu, frá Hesti, um Mávahlíð, Gröf og að Krossi. Hafi kuml verið á þessum slóðum er líklegt að þau hafi eyðst í uppblæstri fyrir löngu síðan.


<sup>14</sup> Kristján Eldjárn, *Kuml og haugfé*, Reykjavík, Mál og menning, 2000, s. 100





Mynd 11. Skráð svæði í utanverðum Lúndarreykjadal, inn að Skarði.

Eina þekkt kumlið í Lúndarreykjadal fannst hjá Snartarstöðum 1938. Það fannst við malartöku fyrir vegagerð á Snartarstaðamelum, neðan við tún og innan við bæinn. Fundarstaðurinn er nú kominn undir tún, en var utan gamla túnsins og er lýsing Kristjáns Eldjárn á svæðinu fróðleg með hliðsjón af afdrifum kumla í dalnum:



Mynd 12. Skráð svæði í Lúndarreykjadal, frá Lundi, að Tungufelli.



"Umhverfið er melabungur og móabörð, sundurgrafin af lækjum. Hafa melar þessir áður verið huldir jarðvegi, sem nú er að mestu af blásinn“.<sup>15</sup>

Lundur er handan árinna frá Snartarstöðum og þar er svokallað Bláskeggssleiði, í Bláskeggshvammi í brekkunni ofan og utan við kirkjuna. Utan við Lund er Hesthúsmelur, þá Réttargil og loks Mógrafamelur. Neðan við gömlu leiðina, niðurundan Mógrafamel var dys, sem sögð er vera legstaður manns sem hengdi sig í fjárhúsi á Lundi<sup>16</sup>. Með hliðsjón af staðfræði kumla, gætu báðir þessir staðir í raun komið til greina sem heiðnir greftrunarstaðir. Ekki liggur fyrir vitneskja um að þar hafi fundist mannabein eða gripir og óvíst er um uppruna frásagnanna.



*Mynd 13. Hóll nærri leið og við merki milli Tungufells og Brennunar í Lundarreykjadal. Hóllinn er náttúrumyndun.*


Innan við Lund og Snartarstaði háttar svipað til og fyrir mynni dalsins. Reiðleiðin liggur um blásna mela og uppblástrarsvæðin verða meira samhangandi sem innar dregur. Frá Hóli og Brautartungu er nær samfellt rof sýnt á Herforingjaráðskortunum frá 1911-1914, en gróður þar hefur víða tekið við sér síðan. Hafi fornar grafir verið innst í dalnum, er líklegt að þær séu að mestu horfnar. Efst er bærinn Gilstreymi og í hans landi er Eiríkswatn að hluta. Á merkjum milli Gilstreymis og Efstabæjar í Skorradal er svokölluð Brandsdys. Í örnefnaskrá er gefin sú

<sup>15</sup> Kristján Eldjárn, *Kuml og haugfé*, Reykjavík, Mál og menning, 2000, s. 99-100; sjá einnig: Örnefnaskrá, Snartarstaðir, ópr., Örnefnastofnun Íslands, Rv., s.2.

<sup>16</sup> Örnefnaskrá, Lundur, ópr., Örnefnastofnun Íslands, Rv., s.2.



skýring að þar hafi orðið úti Brandur, sonur hjóna í Gilstreymi<sup>17</sup>. Dysin er lítil grjóthrúga, sem er hlaðin ofaná fláann á vatnsbakkanum. Óvíst er hvort um greftrunarstað sé að ræða.



Mynd 14. Skráð svæði við efstu jarðir í Lundarreykjadal og Skorradal.



Mynd 15. Brandsdys við Eiríkvatn.

<sup>17</sup> Örnefnaskrá, Gilstreymi, Efstibær, ópr., Örnefnastofnun Íslands, Rv.



Árið 1898 gaf húsfrú Hildur Jónsdóttir á Reykjum í Lundareykjadal til Forngripasafnsins svuntuhnapp úr sandsteini og gylta glerperlu<sup>18</sup>. Höfðu þeir fundist saman nærri Efstabæ í Skorradal. Gripirnir eru varðveittir á þjóðminjasafninu, en ekki eru til nánari upplýsingar um fundinn. Getur vel verið að þeir hafi fundist í örfoka kumli í grennd við Efstabæ. Annar forvitnilegur lausafundur er þekktur á þessum slóðum. Árið 1695 fannst hjá Sjónarhóli í landi Vatnshorns, „lítið sverð, ryðgað mjög, í einum hól á Litlu Bornsheiði, sem menn meintu formenn átt hafa<sup>19</sup>.“

Sjónarhóll er á heiðinni, um 2km í suðvestur frá Vatnshornsbæ. Sverðið er væntanlega glatað og óvíst frá hvaða tíma það er. Heldur er Sjónarhóll ólíklegur staður fyrir kuml, langt frá bæ og stendur miklu hærra en byggðin í dalnum. Á hinn bóginn er hóllinn skammt frá þar sem leið liggur úr Grafardal og sameinast Síldarmannagötum, fornri leið úr Hvalfirði yfir heiðina, og kemur niður hjá Vatnshorni.

Árið 1895 fundust mannsbein hjá bænum í Vatnshorni. Svo segir frá fundinum í Fjallkonunni:

„Fornt leiði fanst í sumar í túninu á Vatnshorni í Skorradal, er verið var að byggja þar hlöðu. Fundust þar mannsbein, sem virtust vera af unglingi, og var að sjá sem líkið hefði verið látið vera sitjandi. Beinín voru orðin mjög fúin, og lét bóndinn í Vatnshorni, Björn Eyvindsson, færa þau til kirkjugarðs. - Bein þessi geta verið frá heiðni, enn ekki er heldr ómögulegt, að þau séu frá kristnum tímum, því oft munu menn hafa verið grafnir heima framan af öldum og ekki fluttir til kirkju<sup>20</sup>.“

Samkvæmt örnefnaskrá fundust beinin í svokölluðum Inguhól, austarlega í túninu<sup>21</sup>. Hafi hóllinn verið utan við túnið er ekki ólíklegt að beinin séu úr kumli. Lýsingin á stellingunni er þó fremur ósennileg. Nokkur dæmi eru um að finnendur telji líkið hafa verið látið sitjandi í haug, svipað og Gunnar á Hlíðarenda, samkvæmt frásögn Njálu. Allflest lík í gröfum eru lögð á bakið, og sum á hlið, og þá jafnvel með fætur kreppta. Má vera að Vatnshornslíkið hafi einmitt verið lagt niður í krepptri stellingu, enda segir í endurminningum Björns Bjarnasonar (1856-1951) að það hafi verið lagt í hnipri<sup>22</sup>.


<sup>18</sup> Yfirlit yfir muni selda og gefna Forngripasafni Íslands, árið 1898, Árbók hins íslenska fornleifafélags 1899, s. 30 (gripir nr. þjms. 4466, 4467).

<sup>19</sup> Jón Espólin, *Íslands árbækur í sögu-formi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, II. b., s. 315.

<sup>20</sup> Fjallkonan 11. des 1895.

<sup>21</sup> Örnefnaskrá, Vatnshorn, ópr., Örnefnastofnun Íslands, Rv. ; sjá einnig: Elín Ósk Hreiðarsdóttir et Sólveig Guðmundsdóttir Beck, *Í túninu heima : skráning fornleifa í heimatúnum á Háafelli, Bakkakoti, Sarpi, Efstabæ, Vatnshorni og Svanga í Skorradal*, Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS483-10021, 2012.

<sup>22</sup> Sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir et Sólveig Guðmundsdóttir Beck, *Í túninu heima ...* 2012, s. 75.



Mynd 16. Skráð svæði í Skorradal, frá Hvammi að Vatnshorni.

Land Vatnshorns meðfram strönd Skorradalsvatns er talsvert langt, eða um 5km. Stendur bærinn austast í landinu. Út við merkin móti Svanga eru þrjár hólar, Skorrhólar. Þar á Skorri að vera heygður<sup>23</sup>. Staðsetningin á Skorrhólum er dæmigerð fyrir kuml að því leyti að þeir eru við leið og á merkjum. Hinsvegar eru þeir órafjarri Vatnshornsbæ, um 4,5km, en heldur nær Svanga, eða um 2,3km. Hólarnir eru náttúrumyndun og óvíst er hvort þar leynist grafir.


Hjá Indriðastöðum var dys sem var sögð vera smaladys. Hún var uppi á hallinum ofan við aura Kaldár, við gljúfrin sem nefnast Réttarköst. Áin er á merkjum móti Mófellsstöðum. Reistur var sumarbústaður þar nærri og grjótið úr dysinni notað í undirstöður<sup>24</sup>. Ekki virðist neitt fornleifakyns hafa fundist þegar grjótið var tekið. Indriði á sjálfur að vera heygður í mýri sem heitir Aur, þar sem heitir Indriðaklökkur eða Indriðaleiði, skammt austan við gamla túnið<sup>25</sup>.

<sup>23</sup> Sbr. Kristian Kálund, sama rit., s. Kaalund, 310; sjá einnig Sigurður Vigfússon, « Rannsókn í Borgarfirði 1884 (framhald) », *Árbók ... 1886* (1887), s., 22 nmgr 1.

<sup>24</sup> Örnefnaskrá, Indriðastaðir, ópr., Örnefnastofnun Íslands, Rv.

<sup>25</sup> Örnefnaskrá, Indriðastaðir, ópr., Örnefnastofnun Íslands, Rv.





Mynd 17. Skráð svæði fremst í Skorradal.

Í örnefnaskrá segir frá mannabeinafundi árið 1930, er verið var að grafa fyrir súrheystóft. Sagt er að beinin hafi verið úr smáfaxinni konu. Athyglisverð er lýsingin á umbúnaðinum um líkið: „Ekki hafði þar verið jarðað í kistu og ekki einu sinni á fjöl, heldur hafði líkinu verið búinn beður úr torfi<sup>26</sup>.“ Staðurinn er á lágum hól, um 30 m austan við hlaðið framan við íbúðarhúsið og um 50 til 70 m frá bænum. Mögulegt er að beinin tilheyri kirkjugarði, en hálfkirkja var á Indriðastöðum<sup>27</sup>.

Í túninu á Mófellsstöðum er stykki sem heitir Múshildargerði og í því er Múshildarleiði, „Það er þríhyrnt og upphlaðið,“ segir í örnefnaskrá<sup>28</sup>. Múshildarleiði er 200m í norður frá bænum. Óvíst er að það sé upphlaðið. Er líklegra að hér sé um náttúrumyndun að ræða.

Þjóðleiðin sunnan við vatnið lá nokkurn veginn eins og þjóðvegurinn gerir nú, þ.e. við strönd Skorradalsvatns. Norðan megin lá hún einnig með ströndinni, en nýr vegur hefur verið gerður ofar í hlíðunum. Kuml gætu enn leynst við gömlu leiðina, einkum við merki milli bæja. Það er athyglisvert að þrátt fyrir töluverð umsvif við skógrækt og mikla sumarbústaðabyggð, þá hafa gamlir greftrunarstaðir ekki komið í ljós við raskið.

<sup>26</sup> Örnefnaskrá, Indriðastadir, ópr., Örnefnastofnun Íslands, Rv

<sup>27</sup> Diplomatarum islandicum, IV, s. 192 (1397) ; Árni Magnússon et Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, Copenhagen, Hið íslenska fræðafélag, IV, s. 158.

<sup>28</sup> Örnefnaskrá, Mófellsstaðir, ópr., Örnefnastofnun Íslands, Rv

## Niðurstöður

Árin 2011 og 2012 var gerð skipuleg leit að kumlum í Andakíl, Bæjarsveit, Flókadal, Lundarreykjadal og Skorradal. Á öllu þessu svæði hafa til þessa eingöngu 2 kuml verið þekkt, þ.e. á Skógum og Snartarstöðum. Helstu niðurstöður þessara athugana eru þær að mun erfiðara virðist vera að finna áður óþekkt kuml í Borgarfirði en t.d. í Eyjafirði eða S-Þingeyjarsýslu. Það kann að vera freistandi að álykta að það séu einfaldlega færri kuml í Borgarfirði, og jafnvel Vesturlandi öllu, en á Norður-, Austur og Suðurlandi. Kumlafæðin gæti stafað af því að í Borgarfirði hafi fáir stundað hinn heiðna greftrunarsíð, eða þar hafi verið fámennara í heiðinni tíð. Það er hinsvegar varasamt að draga ályktanir um borgfirska samfélagsgerð í fornöld út frá jafn veikum forsendum sem þessum. Fundarsaga kumla á Íslandi sýnir að langflest kuml hafa uppgötvast fyrir helbera tilviljun, gjarnan vegna uppblásturs, vegagerðar eða túnræktar og annars rasks. Svo á einnig við um Skóga í Flókadal, þar sem kumlið fannst við uppblástur, sem og Snartarstaðafund, en hann kom í ljós við vegagerð. En ef kumlin finnast fyrir tilviljun, hversvegna finnast þau þá sjaldnar í Borgarfirði? Þar hefur verið uppblástur og vegagerð, túnrækt og annað rask, ekki síður en í öðrum byggðum landsins.

Þegar skoðaðar eru hinar ýmsu fyrirliggjandi upplýsingar um einstaka forngripafundi, mannabein, örnefni og sagnir í héraðinu, þá vaknar upp sú spurning hvort ekki leynist í raun heiðin kuml þar á meðal. Frágangur við greftrun á áður nefndum stöðum hjá Indriðastöðum og í Vatnshorni virðist óvenjuleg. Mannabeinafundir við Kvígsstaði og Langholt gætu allt eins átt við um heiðin kuml. Forngripirnir sem fundust hjá Efstabæ og við Sjónarhól eru dæmigert haugfé.

Meginniðurstæða þessara athugana er þó sú að líklega stafar kumlafæðin í Borgarfirði af því að þar hafa orðið verulega miklar breytingar á umhverfinu. Stórir hlutar Andakíls og Bæjarsveitar eru undirseldir flóðum frá Hvítá, sem að auki hefur breytt farvegi sínum. Mjög víða þar sem gamlar reiðgötur liggja, hefur land blásið, jafnvel svo að um samfellda uppblástursfláka er að ræða. Á því svæði landsins þar sem flest kuml hafa fundist, þ.e. á Rangárvöllum, þar hefur mestur uppblástur orðið í seinni tíð. Hinsvegar hafa upplýsingar um

blásin kuml og gripirnir sjálfir varðveist af því raskið átti sér stað á 19. öld, þegar hafin var skipuleg söfnun upplýsinga um fornleifar sem og söfnun og varðveisla jarðfundinna forngripa. Ekki liggja fyrir upplýsingar um jarðvegsrof í Borgarfirði, en hafi það átt sér stað nokkru fyrr, þótt ekki væri nema svo munaði fáeinum áratugum, þá kann vel að vera að kuml hafi komið í ljós, en hvorki vitneskja um þá atburði né gripir úr þeim varðveist. Að auki er ljóst að uppblástur í borgfirskum dölum er annars eðlis en jarðvegseyðing á flatlendi Suðurlands. Skriður og lækir skera sundur gróðurþekjuna og holt og hæðir hafa verið að blása upp, hægt og á löngum tíma, en ekki með hamförum sem lagt hefur margar jarðir í eyði líkt og gerst hefur sunnanlands. Það er hinsvegar einmitt á þessum blásnu ásum og kollum þar sem þurrt er og vegir liggja, hvar helst má vænta þess að finna kuml. Að þessu athuguðu ber að minna á, að kumlaleitin sumurin 2011-2012 tók einungis til heimildarannsóknar og yfirborðsathugana á vettvangi. Ekki hefur verið látið reyna á með fornleifauppgrefti hvort kuml leynist á einhverjum þeirra rúmlega hundrað reita sem kortlagðir voru og falla vel að almennri vitneskju um hvar kuml hér á landi er helst að finna.